



Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Búðardal, 10. janúar 2020

Efni: Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun

Með tölvupósti dagsettu 9. desember 2019 var Dalabyggð send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun 2020-2024 mál 434 og tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 mál 435 stjórnvalda er nú til umsagnar drög að tillögu til samgönguáætlunar. Dalabyggð sendir hér með umbeðnar umsagnir.

Í markmiðum draga að samgönguáætlun er talað um jákvæða byggðaðróun og stefnt verði að því að auka lífsgæði um land allt með bættum samgöngum og styrkja þann grunn sem nauðsynlegur er til að efla fjölbreytta atvinnu og bæta samkeppnishæfni, svo sem með betri aðgangi að þjónustu. Áherslur til að ná þessum markmiðum eru m.a. að leitast verði við að styrkja samgöngur þannig að sem flestum landsmönnum sé kleift að nálgast nauðsynlega opinbera þjónustu á sem stystum tíma, unnið verði að styttingu ferðatíma innan vinnu- og skólasóknarsvæða. Framkvæmdir og þjónusta samgöngukerfisins miði að því að auka öryggi og styrkja vinnu- og skólasóknarsvæði, einnig að mótuð verði stefna um vegi sem aðallega þjóna ferðamönnum. Það er ljóst að hlutur Dalabyggðar er ekki mikill í samgönguáætlun og seint farið í verkefni og ekki er verið að uppfylla markmið áætlunarinnar varðandi samgöngur innan sveitarfélagsins, en framangreind atriði eru öll lykilþættir í að auka búsetugæði í Dalabyggð og efla byggðina.

Vegakerfið í Dalabyggð er með því verra sem gerist og er sveitarfélagið í 70. sæti af nær jafnmörgum sveitarfélögum á landinu yfir hlutfall vega með bundnu slitlagi. Tíðni umferðarslysa er einnig einna mest í Dalabyggð og er vegakerfið innan sveitarfélagsins það fimmta hættulegasta á landinu samkvæmt

Samgönguáætlun Vesturlands sem unnin var á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi á árinu 2017. Nýlega hafa verið dregnar fram þær upplýsingar að vegur 54 sé annar hættulegasti vegur á Vesturlandi.

Vegakerfið í Dalabyggð hefur fengið litla athygli stjórnvalda undanfarin ár, þrátt fyrir mikla fjölgun ferðamanna og uppbyggingu í ferðaþjónustu víðsvegar í sveitarfélaginu. Það að samgöngur séu í lagi er eitt af grunnskilyrðum fyrir byggð í sveitarfélaginu. Vegir í Dalabyggð eru illa farnir, með litla þjónustu, slys eru tíð og einbreiðar brýr eru mjög margar, sumar hverjar staðsettar á blindhæðum eða í blindbeygjum. Um þessa vegi fara svo skólabörn hvern skóladag en meirihluti nemenda í Auðarskóla í Búðardal kemur úr sveitunum. Í þessu sambandi vísast til eftirfarandi samþykktar fræðslunefndar Dalabyggðar frá 4. desember 2019:

Fræðslunefnd Dalabyggðar lýsir yfir miklum áhyggjum af vegamálum í sveitarfélaginu og krefst þess eindregið að stjórnvöld leggi mun meiri áherslu á endurbætur vegakerfisins í Dalabyggð með öryggi skólabarna að leiðarljósi.

Það er mikil áhersla lögð á markmið um öryggi í samgönguáætlun, að það verði m.a. unnið að styttingu ferðatíma, innan vinnu- og skólasóknarsvæða og að framkvæmdir eigi að taka mið af því. Þrátt fyrir það er hlutur Dalabyggðar ekki mikill í samgönguáætlun og seint farið í þau verkefni. Í Dalabyggð er tíðni umferðarslysa hvað mest af sveitarfélögum á Vesturlandi og þar er eitt hættulegasta vegakerfið á landinu, auk þess sem fá sveitarfélög eru með jafn lágt hlutfall bundins slitlags.

Vegakerfið í Dalabyggð hefur fengið litla athygli stjórnvalda undanfarin ár enda eru vegir í Dalabyggð illa farnir malarvegir að stærstum hluta, með litla þjónustu, slys eru tíð og einbreiðar brýr eru mjög margar, sumar hverjar staðsettar í blindhæðum eða blindbeygjum. Um þessa vegi fara skólabörn hvern skóladag en meirihluti skólabarna Auðarskóla í Búðardal koma úr sveitunum. Það er því ljóst að hvað öryggi varðar þá er ástand vegakerfisins í Dalabyggð algjörlega ólíðandi og ekki í takti við markmið samgönguáætlunar um öryggi.

Fræðslunefnd bendir einnig á að vegurinn um Skógarströnd er mikilvæg hringtenging við Snæfellsnesið og myndu endurbætur á honum ýta undir möguleika á frekara samstarfi við sveitarfélögin og íþróttafélögin þar, sem gæti opnað meiri möguleika í skóla- og tómstundastarfi í Dalabyggð.

Jákvætt er að áætlunin geri ráð fyrir að veita meira fé í veg 54 um Skógarströnd og fjölga þar þeim kílómetrum sem verða lagðir þar. Hins vegar er ítrekað að stofnvegurinn um Skógarströnd verður að vera í samgönguáætlun 2020-2024 til mæta þeirri þörf sem er til staðar. Stofnvegurinn um Skógarströnd er nú lengsti kafli af stofnvegum sem ekki eru fjallvegir sem er án bundins slitlags. Það er ljóst að framkvæmdir á þessum stofnvegi þola litla bið miðað við það slæma ástand sem hann er kominn í, hversu mikil umferð fer um hann og auk þess hversu hættulegur vegurinn er. Um hann fer fjöldi fólksbíla og umferð hópferða- og flutningabifreiða hefur stóraukist enda vegurinn mikilvæg tenging milli landshluta. Vegurinn er orðinn mjög mikilvægur hvað varðar búsetu og vinnusókn á svæðinu og á milli svæða og vekur það furðu að það sé ekki merkt við þann þátt í áætlun. Einnig eru skólabörn búsett þar sem þurfa að fara um þennan annan hættulegasta veg Vesturlands. Vegurinn er grófur malarvegur, alla jafna mjög holóttur, rykmengun mikil, með fjölda einbreiðra brúa og blindhæða. Slys eru tíð á honum auk fjárhagslegs tjóns en það er talið í tugum ef ekki hundruða skipta sem tjónþolar hafa þurft að leita á verkstæði bæði í Búðardal og Stykkishólmi. Varðandi Skógarstrandarveg er þverun Álftafjarðar lykilatriði. Grundvallaratriði er að þegar verði hafist handa við hönnun vegarins þannig að hægt verði að hefja framkvæmdir sem fyrst. Ef auka á samstarf sveitarfélaga þá eru viðunandi samgöngur lykilatriði. Ljóst er að meðan Skógarstrandarvegur verður ekki færður til nútímahorfs þá er um að ræða hömlun á auknu samstarfi og bættri þjónustu.

Mikilvægt er að því verði fylgt eftir að skoða fjölbreyttar leiðir til fjármögnunar stórra framkvæmda þannig að vegir eins og Skógarstrandarvegur færast fram í framkvæmd eins og nauðsynlegt er, auk þess að ljúka við Laxárdalsheiði, sem og úrbætur við tengivegi og aðra malarvegi í sveitarfélaginu.

Jákvætt er að í samgönguáætlun er lögð áhersla á tengivegi og á breikkun brúa, þó svo að framkvæmdaáætlun þar sé of afturpung. Þar er um að ræða stórt verkefni og mikið öryggismál varðandi vegi í Dalabyggð og er þess vænst að umtalsverður hluti áætlaðra fjárveitinga renni til framkvæmda þar. Vestfjarðavegur er sá vegur sem er með einna mestan umferðarþunga í Dalabyggð og er umferð flutningabifreiða sérstaklega mikil. Vestfjarðarvegur ber illa þessa miklu umferð, er víða mjög mjór og þyrfti að huga sérstaklega að endurbótum á honum, einkum varðandi einbreiðar brýr t.d. yfir Fáskrúð, Glerá og Haukadalsá. Sömu sögu má segja um ástand tengivega í sveitarfélaginu sem eru nær allir illa hirtir malarvegir.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd Dalabyggðar

Kristján Sturluson, sveitarstjóri

